

**Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 30. janúar 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-104/2012:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 27. nóvember sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á ísskáp, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi endurgreiði sér kostnað við viðgerð á ísskápnum.

**II**

**Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 29. nóvember sl. gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 7. desember. Með bréfi, dags. 10. desember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frest til þess til 24. desember. Engin frekari gögn bárust nefndinni.

**III**

**Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og fylgigögnum með henni kemur fram að álitsbeiðandi keypti ísskáp af seljanda hinn 30. júní 2009. Var ísskápurn með vörunúmerið IKB3454, lýst sem innbyggðum kæli með bio frystihólfi og var kaupverð kr. 295.201. Í nóvember sl. hætti ísskápurn að kæla og hafði álitsbeiðandi þá samband við þjónustuaðila sem gefinn var upp á vefsíðu seljanda. Starfsmaður þjónustuaðila kom heim til álitsbeiðanda og skoðaði ísskápinn. Reyndust tveir skynjarar í skápnum ónýtir og eftir að starfsmaður þjónustuaðila skipti um þá var ísskápurn í góðu lagi. Þegar álitsbeiðandi fékk reikning frá álitsbeiðanda, að upphæð kr. 34.124, hafði hún samband við seljanda þar sem hún taldi ísskápinn vera í fimm ára ábyrgð. Fékk álitsbeiðandi þau svör að seljandi hefði ákveðið á fundi að ísskápurn væri ekki í ábyrgð. Spurði álitsbeiðandi þá seljanda hvort hann hefði kynnt sér álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa. Seljandi staðfesti að það hafði hann gert, en hefði engu að síður ákveðið að veita einungis tveggja ára ábyrgð á ísskápnum.

Telur álitsbeiðandi að ísskápurn sé stórt heimilistæki sem eigi að falla undir fimm ára ábyrgð og fer því fram á að seljandi endurgreiði sér kostnað vegna viðgerðar á skápnum.

Meðfylgjandi álitsbeiðni var reikningur fyrir kaupum á ísskápnum ásamt reikningi frá þjónustuaðila fyrir viðgerð sama skáp.

**IV**

**Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda kemur fram að öll heimilistæki frá seljanda séu með tveggja ára ábyrgð og þar af leiði að kvörtunarfrestur vegna galla sé tvö ár frá og með söludegi. Þá hafi seljandi að sama skapi tvö ár frá sölu degi til að koma á framfæri kvörtun við birgja sína erlendis ef galli kemur upp. Þá segir í andsvörum að þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að um galla hafi verið að ræða sem komið hafi fram innan ábyrgðartíma, en hins vegar staðfest að skápurn hafi verið í góðu lagi þar til umrædd bilun hafi komið fram rúmu ári eftir að tveggja ára kvörtunarfrestur var liðinn, hafni seljandi að taka þátt í kostnaði vegna viðgerðarinnar.

Þá vísar seljandi í nýlegan dóm héraðsdóms Reykjavíkur og bendir á að þar komi fram eftirfarandi:

„Tveggja ára kvörtunarfrestur sé hin almenna regla bæði samkvæmt lögum um lausafjárkaup og lögum um neytendakaup. Í ákveðnum undantekningartilvikum sé unnt að lengja hann upp í fimm ár, enda séu sérstakar ástæður þar að baki. Samkvæmt hinum almennu kaupalögum liggja það alveg ljóst fyrir að fimm ára kvörtunarfrestur eigi eingöngu við þegar um byggingarefni sé að ræða.“

## V

### Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003.

Álitsbeiðandi keypti ísskápinn 30. júlí 2009 og viðgerð á ísskápnum, framkvæmd af þjónustuaðila sem seljandi vísað á, fór fram í síðasta lagi 14. nóvember 2012. Strax í kjölfarið kvartaði álitsbeiðandi við seljanda undan galla á skápnum. Skápurinn var því u.þ.b. 3 ára og rúmlega 3 mánaða gamall þegar hann bilaði.

Í 27. gr. neytendakaupalaganna, nr. 48/2003, segir m.a. eftirfarandi:

„Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann var galla var.“

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla í fimm ár frá því að hlutum var veitt viðtaka [...].“

Í skýringum við 27. gr. frumvarpsins sem varð að lögum nr. 48/2003 segir m.a.:

„Mat á því hversu langur endingartími söluhlut er ætlaður er unnt að byggja á því mati sem fram fer skv. b-lið 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins. Því þarf m.a. að líta til þess hvers neytandi mátti vænta við kaup á slíkum hlut. Framleiðendur söluhluta hafa ólík markmið við framleiðslu hluta hvað varðar endingartíma þeirra. Endurspeglast þetta m.a. í verði og markaðssetningu hlutanna. Ef vafi er um það hversu langan endingartíma hlut er ætlað að hafa er rétt að vafinn falli fimm ára reglunni í hag. Með endingartíma söluhlutar er átt við það hvað hlutum er ætlað að virka lengi á viðunandi hátt. Til dæmis fellur það að hlutur verði úreltur vegna tækniframfara ekki undir ákvæðið. Áætlaður endingartími söluhlutar er byggður á venjulegri notkun.“

Eitt af skilyrðum þess að neytandi geti borið fyrir sig galla á söluhlut við seljanda er að hann kvarti innan þeirra fresta sem ákveðnir eru í 27. gr. neytendakaupalaganna sem lýst er hér að framan. Neytanda ber að kvarta án ástæðulauss dráttar og innan tveggja ára frá afhendingu söluhlutar. Sé hins vegar söluhlut eða hlutum hans ætlaður lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er fresturinn fimm ár. Rétt er að taka fram að samkvæmt 1. mgr. 3. gr. neytendakaupalaga er óheimilt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem eru neytanda óhagstæðari en leiða myndi af lögnum.

Eðlilegur endingartími ísskápa getur vissulega verið mismunandi eftir tegundum. Þótt ekki sé hægt að slá því föstu í eitt skipti fyrir öll hver sé eðlilegur endingartími ísskápa er það

álit kærunefndarinnar að kaupandi megi búast við því að ísskápur þeirrar gerðar og seldur á því verði sem hér um ræðir endist lengur án bilana en í þrjú ár og þrjá mánuði og sé kvörtunarfrestur því 5 ár í því tilviki sem hér um ræðir. Kvörtun álitsbeiðanda kom fram innan þess tíma.

Þá vill kærunefndin taka það fram, með vísan til þess sem fram kemur í álitsbeiðni og andsvörum seljanda um ábyrgð, að ábyrgð á söluhlut takmarkast við galla, nema seljandi hafi gefið aðra yfirlýsingu um ábyrgð á söluhlut sem bindur hann umfram lagaskyldu sbr. 3. mgr. 18. gr. laganna.

Í 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er kveðið á um það hvaða eiginleika söluhlutur eigi að hafa og segir þar í b-lið 2. mgr. að hann eigi að „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.“ Sé svo ekki telst söluhlutur vera gallaður, sbr. ákvæði a-liðar 1. mgr. 16. gr. sömu laga. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna. Kærunefndin álitur að þegar tekið er tillit til þess að ísskápurinn var ekki nema þriggja ára og þriggja mánaða þegar bilun kom fram í honum verði að telja hana galla í skilningi framangreindra lagaákvæða enda ekkert komið fram um að álitsbeiðandi eigi sök á biluninni.

Í 26. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla. Segir þar m.a. eftirfarandi í 1. mgr.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr.
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.“

Álitsbeiðandi í máli þessu hefur krafist þess að seljandi greiði fyrir viðgerð á ísskápnum, en þann kostnað hefur hann nú þegar greitt, og verður að líta á þá kröfu sem skaðabótakröfu, sbr. e-lið 1. mgr. 26. gr. sem rakin er hér að framan. Það er álit kærunefndarinnar samkvæmt öllu framansögðu að seljanda beri að greiða álitsbeiðanda bætur að fjárhæð sem svara viðgerðarkostnaðinum eða kr. 34.124.

Vegna vísunar álitsbeiðanda í dóm héraðsdóms vill kærunefndin taka fram að dómurinn fjallaði um hvort seljandi bæri ábyrgð á galla á bifreið sem kvartað var undan tæpum fjórum árum eftir að kaup fóru fram. Í dómnum var því ekki hafnað að kaupandi bifreiðarinnar gæti borið fyrir sig galla þetta löngu eftir kaupin, heldur byggði niðurstaða dómsins á því að kaupanda hefði ekki tekist að sýna fram á að um galla væri að ræða. Það athugast að tilvitnun seljanda í dóminn er úr þeim hluta hans sem inniheldur málsástæður stefnda í málinu, þ.e. seljanda, og er sú tilvitnun ekki hluti af forsendum og niðurstöðum dómsins um það hvert sé inntak hinnar svonefndu fimm ára reglu 2. mgr. 27. gr. laga um nr. 48/2003 um neytendakaup, enda tók dómurinn ekki sérstaklega á reglunni.

**Álitsorð**

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda Y, kr. 34.124.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir